

Í lok árs

LEIÐARI



Breyttar ytri aðstæður

Mjólkurframleiðsla hefur verið yfir væntingum frá miðju ári í ár en á sama tíma hefur hægt á allri söluaukningu miðað við fyrri ár. Skýringin á því er utanáðkomandi breytingar í starfsumhverfi meðal annars innkoma nýrra aðila á smásöluverkaði, ferðalög Íslendinga erlendis, sala á staðkvæmdarvörum, og innfluttur ostur. Sala ársins verður þó sennilega um ein milljón lítra yfir greiðslumarki sem er jákvætt. Ytra starfsumhverfi mun halda áfram að breytast áfram næstu ár sem ég mun fara yfir nánar hér fyrir neðan.

Áfram verður bil milli efnabátta eins og oft hefur verið sagt frá en ójafnvægið milli fitu og próteins er orðið 11 til 12 milljón lítra innan greiðslumarks. Slík breyta hefur áhrif á afkomu hvers mjólkurlíttra sem sóttur er, hvort sem er innan greiðslumarks eða utan. Upphæðin sem um ræðir er rúmlega hálfur milljarður kr. árlega sem er meira en allur hagnaður Auðhumlu samsteyppunnar fyrir skatta árið 2016 eða tæp 5% af verðmæti mjólkurlíttrans.

Í ár verður framleiðsla umfram greiðslumark/sölu um 6 milljón lítra en innvigtunargjald á umframmjólk var hækkað 1. desember í kr. 40 eins boðað var í haust.

Tollasamningur

Tollasamningur við ESB tekur gildi frá 1. maí 2018 og mun stór hluti innflutningskvóta virka að fullum þunga frá fyrsta degi er varðar innflutninginn. Útflutningskvótar, þar með talið kvótar Íslands til útflutnings á skyri mun hins vegar trappast inn á fjórum árum. Var þetta einhliða ákvörðun Alþingis við meðferð málsins að opna strax á allt innflutt magn osta. Evrópusambandið hefur hins vegar ekki séð ástæðu til þess að endurgjalda greiðann enda óvenjulegt að ganga fram með slíkum hætti. Löngu er ljóst að evrópskir bændur búa við aðrar aðstæður en íslenskir. Sýnir til dæmis nýleg skýrsla Utanríkisráðuneytisins að Evrópusambandið er með fleiri og hærri tolla á flestum vörum en Íslendingar. 90% af tollskránum er á Íslandi bera engan toll samanborið við 26% í Evrópusambandinu.

Þegar kemur inn á íslenskan markað mikið magn af erlendum osti á litlum eða engum tollum mun það hafa veruleg áhrif á íslenskan iðnað og íslenska bændur. Í dag fer um 40% af framleiddri mjólk í ostaframleiðslu en innflutningsmagn erlendu ostanna er á við 13% af árlegri sölu osta á Íslandi því er ljóst að um heildarframleiðslu nokkurra íslenskra kúabúa er að ræða í innflutningi.

Áhrif tollasamnings í ljósi Brexit

Afleiðingar Brexit árið 2019 mun hafa áhrif á tollasamning Íslands við Evrópusambandið. Um 60 milljóna manna markaður mun þar falla út úr tollasamningnum við ESB. Markaður sem liggur hvað best við fyrir Ísland með tilliti til viðskipta og sennilega verðmætasti markaðurinn fyrir íslenskar mjólkurvörur í dag. Gæta þarf íslenskra hagsmuna vel, bæði sjávarútvegs og landbúnaðar en hættan er sú að fyrrnefndu hagsmunirnir verði þar ofan á og jafnvel hagsmunum landbúnaðarins fórnad. Þá verður áhugavert að sjá hvernig áhrif útgöngu Breta úr ESB á núgildandi tollasamning verða þegar Brexit tekur gildi eftir stutta 16 mánuði.

Erlend starfsemi

Augljóst er að sjá að mörg tækifæri eru bæði á nær- og fjærmörkuðum þegar horft er á skyr með samningum um sérleyfi og framleiðslu. Ameríku verkefnið er í fullum gangi og mikil bjartsýni um áframhaldið. Markmiðið er að vera komin á markaði í 30 löndum á næstu árum.

Mikilvægt er fyrir okkur að halda þessum tekjum aðgreindum frá innanlandsrekstri fyrirtækisins, því sá ábati má ekki rugla verðmyndun á innanlandsmarkaði. Fyrr á árinu töpuðum við slagnum um heitið skyr á Finnlandsmarkaði þar sem nafnið skyr er lagt til jafns við nöfn annarra mjólkurvara eins og jógúrt. Í kjölfarið var farið í vinnu við að markaðsetja nýtt alþjóðlegt vörumerki okkar Ísey skyr þar í landi sem virðist fara vel af stað og hitta vel í mark.

Afkoma ársins 2017

Afkoma MS verður nálægt núllinu, eins og útlit er núna hins vegar er tap af innanlandsmarkaði aðallega á sölu á smjöri, dufti, og nýmjólk. Afkoma Auðhumlu verður jákvæð og eigið fé samstæðunnar styrkist. Það er hagnaður af erlendum umsvifum sem eru aðgreind frá innlendum umsvifum. Hins vegar er tap á útflutningi framleiðsluvara hvort sem er innan eða utan kvóta og skýrist það á þeim efnisþáttum sem seldir eru enda eru verðmætustu afurðirnar nýttar innanlands. Hækkun á þeim vörum sem ekki heyra undir verðlagsnefnd var ójákvæmileg og var gerð nú í byrjun nóvember. Hækkunin er 2.5% að meðaltali.

Forsendur ársins 2018 í sölu og rekstri

Við gerum ráð fyrir að á árinu 2018 verði sala um 145 til 146 millj. lítra og aukist um 1% á milli ára. Erum við að gera ráð fyrir óvenjulega lítilli aukningu sem er jafnvel að hluta byggð á bjartsýni. Líklegt er að greiðslumark næsta árs verði 146 millj. lítrar. Framleiðsla samkvæmt spálíkani gæti orðið 152 millj. lítrar og því verður áfram þörf á að innheimta innvigtunargjald sem gæti verið á bilinu 20 til 40 kr. á lítra.

Gert er ráð fyrir betri afkomu af erlendum umsvifum og að gengisþróun gæti styrkt afkomu í útflutningi. Drög að rekstraáætlunum 2018 gera ráð fyrir afkomu milli 300 – 400 millj. kr.

Hvers er að vænta í framtíðinni?

Samkvæmt fyrstu söluspá 2018 gæti sala hér orðið svipuð og á yfirstandandi ári. Hugleiðingar okkar renna til þess möguleika að við gætum vel hafa náð toppi í sölu á Íslenskri mjólk sem er ekki útilokað. Hagvaxtaspa næstu misserin er lágstemmd og gætum við jafnvel byrjað að gefa eftir á markaði strax á næsta ári. Markaðurinn í heild er þó að stækka, 8 þús. fleiri íbúar á Íslandi en í upphafi árs. Spáð er að ferðamönnum haldi áfram að fjölga þó að það hægi á þeirri aukningu.

Spurningin gæti því verið, með þær breytur sem ég nefndi í upphafi og eru að hafa áhrif á okkar sölu, eigum við að sætta okkur við að gefa markaðinn frá okkur án viðspyrnu? Sannarlega eru þess dæmi eins og er til dæmis að gerast í Noregi. Á síðust 10 árum hefur sala á mjólkurvörum aukist um nálægt 40%. Erum við tilbúin að gefa þá aukningu eftir á næstu 10?

Fjárfestingaáætlun og fjáhagsskipan Mjólkursamsöluunnar

Á nýafstöðnum fulltrúafundum var gerð grein fyrir endurnýjunarþörf MS bæði í tækjum og byggingum og lögð fram áætlun um fjármögnun

til næstu 5 ára. Árleg viðhalds þörf er um 1.000 millj. á ári í tækjum, bílum og ýmiskonar búnaði. Til viðbótar mun á næstu árum þurfa að byggja við og endurbæta vinnslustöðvar félagsins bæði á Selfossi og Akureyri. Stærsta einstaka framkvæmd er bygging á nýrri duftþurrkun á Selfossi, núverandi búnaður þar er orðinn 34 ára gamall og úreltur. Með nýrri duftgerð er hægt að ná fram verulegri hagræðingu í orkunotkun sem hleypur á tugum milljóna sparnaði á ári hverju. Rekstur núverandi þurrkunar er með öllu óviðunandi með tilliti til rekstraröryggis og úr því verður að bæta. Alls eru þessar fjárfestingar áætlaðar ríflega 7.000 millj. og munu koma til framkvæmda á næstu árum ásamt hefðbundnum viðhaldsfjárfestingum. Fjármögnun þessara fjárfestinga er áætluð með þrennum hætti það er hlutafjárukningu, með lántöku og úr rekstri MS á fjárfestingatímanum. Að fara í fjárfestingar sem nema alls um 12 þús. millj. mun taka í en þær eru bæði brýnar og nauðsynlegar til þess að fullnægja kröfum um hagkvæmni og þeim kröfum er gerðar eru til matvælaframleiðslu. Á deildarfundum Auðhumla í vetur verður farið betur yfir þessar áætlanir sem og þörfina fyrir þær.

Tímamót með vangaveltum um framtíðina

Á undanförunum áratugum hefur orðið bylting í íslenskum mjólkuriðnaði með aukinni nyt og bættum framleiðsluháttum. Hins vegar eru uppi aðstæður sem horfast þarf í augu við, gengur það t.d. til lengdar að vera með lamað verðlagskerfi og verðlagningu sem tekur ekki

tillit til markaðsaðstæðna? Að ákveða opinbert afurðastöðvaverð með kaupskyldu óháð sölumöguleikum fyrir afurðastöðvar?

Þá eru það spurningarnar sem við munum þurfa að takast á við í umræðunni. Mun afurðastöðvaverð á Íslandi geta verið um 75% hærra en á nágrannamörkuðum eins og ESB (afurðastöðvaverð í ESB er núna 48 til 52 kr. ísl. en er hér 87.41 kr.) þegar innflutningur mun aukast? Mun þetta verða til þess að íslenskir bændur neyðist til að gefa frá sér markaðinn til að geta haldið uppi verði til skamms tíma? Mun ekki samburður á verði mjólkurvara héraendis og erlendis verða notaður til að réttlæta enn frekari tollalækkanir? Mun ekki verða gerð krafa um sambærilegt verð á mjólkurvörum?

Þetta eru vangaveltur um þær breytingar sem eru fyrir dyrum og fylgjast þarf með. Íslenskir kúabændur og starfsfólk hefur tekist á við breytingar bæði jákvæðar og neikvæðar undanfarið ár. Ber ég væntingar til þess að við náum að komast í gegnum þessar breytingar með farsæla niðurstöðu fyrir íslenskan landbúnað.

Ég óska öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Með góðri kveðju,
Egill Sigurðsson

Er hugsanlegt að mjólkurverði sé of hátt ??

BRÉF

Þetta er spurning sem kom upp í huga minn eftir að ég fékk Jarle í heimsókn um daginn til að taka út fjósið okkar aftur fyrir verkfnið „Fyrirmyndarbúið“. Ég var svo undrandi að heyra að það væri bara brot af framleiðendum sem væru búnir að biðja um úttekt, einungis 113 af 575. Hafa þessir 462 framleiðendur sem ekki hafa fengið úttekt ekki þörf fyrir þessa 2 % hækkun á mjólkurverði sem er í boði ?

Á okkar búi munar allavega mikið um þessar greiðslur sem eru komnar í 725.000 kr það sem af er árinu en við höfum verið svo heppin að hafa líka náð greiðslum fyrir úrvalsmjólk sem gerir sömu upphæð en alltaf getur maður lent í óhöppum og misst af þeim greiðslum. Okkur þætti 1,5 milljónir há upphæð ef hún væri dregin af okkur!

En það þarf ekki heppni til að standast úttekt fyrir Fyrirmyndarbúið og það má alveg eyða talsverðri upphæð til að bæta aðstöðuna ef þess þarf og koma samt út með hagnað, allavega til framtíðar lítið. Þá hefur aldrei verið eins mikilvægt fyrir okkur bændur að vera fullir ábyrgðar og metnaðar eins og nú á tímum aukins þrýstings á innflutning landbúnaðarvara, okkar samkeppnishæfni liggur fyrst og fremst í hreinleika og gæðum en það er ekki nóg að segja það, heldur verður það að vera staðfest.

Ég vil hvetja alla sem ekki eru búnir að panta úttekt til að hafa samband við Jarle og fá hann í heimsókn. Ég hef góða reynslu af því að fá ráðleggingar hjá honum, t.d. eru kálfarnir okkar mun fallegri eftir að við fórum að hans ráðum við fóðrun og hann lumar á ýmsum góðum ráðum. Fjósin þurfa alls ekki að vera ný til að standast úttekt og eru þó nokkur gömul fjós komin með „Fyrirmyndabústitilinn“.

Með jólakveðju,

Birna Þorsteinsdóttir
bóndi á Reykjum.

Auðhumla yfirtekur mjólkureftirlitið frá 1. janúar 2018

Auðhumla svf. er stærsti kaupandi hrámjólkur af bændum og eini aðilinn sem selur öðrum úrvinnsluáðilum hrámjólk. Í því ljósi þykir eðlilegt að mjólkureftirlitið með sína 4 starfsmenn sé hjá Auðhumla. Tekur sú breyting gildi frá og með 1. janúar 2018. Mjólkureftirlitið aðstoðar mjólkurframleiðendur um allt land og verður engin breyting þar á við þessi tímamót. Auðhumla kaupir rannsóknarþjónustu s.s. á tanksýnum o.fl. eins og áður af Rannsóknarstofu mjólkuriðnaðarins sem rekin er af Mjólkursamsölu.

Flutningsgjald frá 1. janúar 2018

Flutningsgjald vegna söfnunar mjólkur verður kr. 5.10 frá 1. janúar 2018. Flutningsgjald var síðast ákveðið fyrir tveimur árum og hefur verið kr. 4.70 en vegna kjarasamningsbundinna hækkana og upptöku grænna skatta s.s. kolefnisgjalds hefur kostnaður aukist. Stjórn Auðhumla svf. ákvað því á fundi sínum þann 15. desember 2017 að hækka flutningsgjaldið um kr. 0.40 frá 1. janúar 2018 að telja.

Vissir þú . . .

- Að eftir líftöluskot er gott að þvo mjólkurtank og mjaltakerfi fyrst með sápu og svo strax á eftir með sýru? Gjarnan má nota aðeins sterkari sápu- og sýrulausn en venjulega.
- Að skálaprófið er öruggt, einfalt og gott verkfæri til þess að finna kýr með jógurbólgu/háa frumutölu?
- Að mjólkurhúsið er matvælageymsla, EKKI geymslustaður fyrir vinnuföt, verkfæri, fóður eða drasli!


Jarle

Framleiðsla og ráðstöfun mjólkur

FRAMLEIÐSLUSVIÐ

Framleiðsla mjólkur 2017

Út frá þessum síðustu viku ársins 2017 bendir allt til þess að framleiðsla mjólkur verði rúmar 151 millj. lítrar. Um nokkurt skeið hefur allt bent til þeirrar niðurstöðu í heildar mjólkurframleiðslu í landinu.



Birgðir mjólkurvara

Í yfirlit 3 er birgðapróun helstu flokka mjólkurvara frá janúar 2016 – loka nóvember 2017. Allar ostabirgðir eru í jafnvægi m.t.t. aldurs-samsetningar og magns þeirra helstu ostaflokka sem eru inni í birgðastjórnun mjólkurvara (Gouda og Mozzarella).



Yfirlit 1. Vikuleg og mánaðarleg innvigtun mjólkur 2015, 2016 og 2017.

Yfirlit 3 Birgðapróun helstu vörflokka janúar 2016 – september / október 2017

Sala mjólkur og útlutningur

Í yfirliti 2 sést ráðstöfun mjólkur í nóvember 2017 og einnig sl. 12 mánuði þ.e. desember 2016 – nóvember 2017. Á þessu tímabili nam umreiknuð sala mjólkur um 131,8 milljónum lítra á próteingrunni og hefur því aukist 0,37% s.l. 12 mánuði. Umreiknuð sala á fitugrunni var 144,9 milljónir lítra. og jókst um 2,95% á sama tíma. Innvigtun mjólkur á þessu viðmiðunartímabili nam 150,3 milljónum lítrum. Framleiðsla umfram sölu á tímabilinu var því um 18,1 milljónir lítra á próteingrunni og um 5,3 milljónir lítra á fitugrunni. Útlutningur á mjólk m.v. prótein nam 16,8 millj. ltr, en útlutningur á fitugrunni nam um 3,4 millj. lítrum.

VÖRUFLOKKAR	Sala í ltr. og kg			Breyting frá fyrra ári, %		
	nóvember mánuður	Síðustu 3 mánuðir	Síðustu 12 mánuðir	Mán.	3 mán.	12 mán.
Umreiknað á PRÓTEIN:						
Birgðir í upphafi	28.847.328	29.405.980	27.182.840	3,93	-9,08	-18,37
Innvegin mjólk	11.708.456	35.195.374	150.289.938	4,22	4,32	-0,49
Seldar afurðir	11.161.733	33.132.097	132.131.037	0,49	-0,53	0,37
Útlutningur	2.288.713	4.440.873	16.838.428	137,27	-23,19	-33,40
Birgðir í lok	27.657.018	27.657.018	27.657.018	1,74	1,74	1,74
Mismunur	-551.680	-628.634	846.295	108,91	232,60	282,73
Umreiknað á FITU:						
Birgðir í upphafi	24.300.152	24.575.484	23.607.593	-7,88	-21,66	0,40
Innvegin mjólk	11.708.456	35.195.374	150.289.938	4,22	4,32	-0,49
Seldar afurðir	12.972.756	36.580.060	144.977.801	1,24	0,69	2,95
Útlutningur	33.664	69.215	3.411.539	-96,96	-98,73	-70,98
Birgðir í lok	23.602.277	23.602.277	23.602.277	-0,02	-0,02	-0,02
Mismunur	-600.090	-480.694	1.905.914	-818,72	62,83	-216,32

Yfirlit 2 Umreiknuð ráðstöfun mjólkur á 12 mánaða tímabili m.v. nóvember 2017. (Heimild: SAM)

Birgðastaða mjólkurvara er góð. Framboð nægt bæði á smjöri og rjóma nú fyrir há-tíðarnar. Um þessar mundir er útlutningur fyrst og fremst á próteini í formi undanrennu-osts en á komandi ári mun einnig verða flutt út prótein í formi undanrennudufts.

Pálmi Vilhjálmsson
framkvæmdastjóri
framleiðslusviðs

Forsetahjónin heimsækja MS Búðardal

FRÉTTIR

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson og Eliza Reid eiginkona hans fóru í opinbera heimsókn í Dalabyggð ásamt föruneyti dagana 6. og 7. desember. Af því tilefni heimsóttu forsetahjónin MS Búðardal. Starfsfólk MS tók að sjálfsögðu vel á móti þeim, stilltu upp glæsilegu ostaborði og kynnti þau fyrir ostaframleiðslunni á staðnum. Hægt er að lesa sér nánar til um þá osta sem MS Búðardal framleiðir á www.dalaostar.is.



Ari Edwald og forsetahjónin.

Mynd: SteinaMatt



Myndir úr myndasafni Mjólkursamsölnunnar.

Fyrri heimsóknir forseta Íslands til MS

Fyrrum forsetar hafa heimsótt MS og fyrirrennara þess reglulega í gegnum árin. Vigdís Finnbogadóttir heimsótti þáverandi MBF árið 1981 ásamt finnska forsetanum Kekkonen og Ólafur Ragnar Grímsson heimsótti m.a. MS Selfoss og MS Búðardal í embættistíð sinni.

Aðstoð fyrir jólin

MS Í SAMFÉLAGINU

Mjólkursamsalan líkt og fyrri ár hefur lagt hjálparsamtökum lið fyrir jólin. Í ár fengu sérstaka vöruúttekt fyrir jólin; Mæðrastyrsnefnd Reykjavíkur, Mæðrastyrsnefnd Kópavogs, Mæðrastyrsnefnd Hafnafjarðar, Mæðrastyrsnefnd Akureyrar og Fjölskylduhjálpi Íslands sem mun veita aðstoð á höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesinu.

Fulltrúar félaganna segja að þörfin fyrir aðstoð sé mikil og að nokkur hundruð manns leiti til þeirra fyrir jólin. Markmiðið er ætíð að vísa engum frá en það eru sjálfboðaliðar sem standa vaktina við matarúthlutanir og án þeirra myndi starfsemi þessara góðgerðarfélaganna ekki ganga upp. Mikið og þarft starf er unnið á fjölmörgum stöðum og er það von MS að styrkir nýtist sem best.



Fulltrúi MS ásamt Önnu H. Pétursdóttur formanni Mæðrastyrsnefndar Reykjavíkur

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár.

Þökkum viðskiptin á árinu
sem er að líða.

Með jólakveðju,
starfsfólk MS

ms